Matvælaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Stykkishólmi, 30. janúar 2023
nr. erindis *2101031*

Á 9. fundi bæjarstjórnar Stykkishólms 26. janúar 2023 var tekið fyrir neðangreint erindi:

**Umsögn frumvarp til laga breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða**
Lögð fram áform Matvælaráðuneytisins um breyting á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (veiðistjórn grásleppu) ásamt frummati á áhrifum lagasetningarinnar.

Bæjarráð fagnaði á 7. fundi sínum fyrirliggjandi áformum og þeim markmiðum sem stefnt er að í þeim en lagði áherslu á að samráð verði haft við sveitarfélagið, vinnslur og sjómenn við Breiðafjörð við gerð og setningu reglugerða í framhaldi að fyrirhugaðri lagasetningu.

Að öðru leyti er tók bæjarráð undir ályktun aðalfundar Bátafélagsins Ægis um málið og vísar til þeirrar ályktunar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

**Afgreiðsla bæjarstjórnar:**
*Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu bæjarráðs.*

**Þetta tilkynnist hér með.**

Virðingarfyllst,

BÆJARSTJÓRINN STYKKISHÓLMI

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson,
bæjarstjóri.

Hafnargata 3 • 340 Stykkishólmur • Sími: +354 433 8100
Netfang: stykkisholmur@stykkisholmur.is • www.stykkisholmur.is